



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í hádegisverði borgarstjóra Björgvinjar  
Hákonarhöll  
Björgvin  
23. mars 2017**

Yðar hátign, Haraldur Noregskonungur  
borgarstjóri Björgvinjar  
yðar hátignir  
aðrir gestir

Senn líður að lokum heimsóknar okkar Elizu til Noregs. Síðustu daga höfum við farið víða, hitt marga. Það hefur verið okkur heiður og ánægja að kynnast hlýju viðmóti Yðar Hátignar, Sonju drottningar og annarra í norsku konungsfjölskyldunni. Þá hef ég átt gagnlegar viðræður við norska stjórnáamenn, meðal annarra Marit Nybakk, fyrsta varaforseta Stórhingsins, og Ernu Solberg forsætisráðherra. Við Eliza fluttum bæði erindi við Háskólann í Osló, hún á gagnmerku málþingi um kynjajafnrétti og leiðir til framfara í þeim efnum. Sjálfur ræddi ég um stöðu og framtíð hins svonefnda „norræna módel“ [the Nordic model].

Í háskólanum hér í Björgvin fjallaði ég svo um menningararf og þjóðernishyggju, um mikilvægi liðinnar tíðar í mannlegu samfélagi. Í þessari borg býr vitaskuld rík saga. Björgvin var löngu orðin merkur verslunarstaður þegar Íslendingar hófu að flytja skreið hingað í stórum stíl á fjórtánu öld. Þá eins og nú juku alþjóðaviðskipti velsæld manna. Gott er að kunna söguna, draga af henni lærdóma, og ekki síður að virða minningu þeirra sem við eigum gott að gjalda. Í Akershus kastala naut ég þess heiðurs að leggja blómsveig að minnisvarða um fórnarlömb síðari heimsstyrjaldarinnar.

Lista og menningar höfum við hjónin jafnframt notið. Heimsókn í NORLA var sérlega fróðleg. Engu síðri var dagskráin í Landsbókasafninu. Þar fræddumst við meðal annars um forn skinnhandrit – sameiginlegan menningararf okkar – en síðan stukkum við inn í samtímamann á Astrup Fearnley safninu.

Þá var mikils virði að hitta kæra landa í Ólafíustofu í Osló. Nú munu tæplega tíu þúsund Íslendingar búa víða í Noregi. Sumir eiga eflaust eftir að snúa á ný til Íslands en aðrir hafa skotið hér rótum eða munu gera það. Þannig er lífsins gangur í alþjóðaumhverfi samtímans. Fjölbreytni og frelsi eru lykill að farsælli framtíð. Þann anda samvinnu og nýsköpunar fundum við vel í vísindagarðinum á Blindern þar sem íslenskir frumkvöðlar hafa látið til sín taka innan vébanda Start-up Lab. Enska er vissulega notuð í þeim heimi og víðar, en Íslendingar í Noregi eru mér eflaust sammála um mikilvægi þess að hafa lært eitt norrænt tungumál í skóla heima. Megi sú venja lengi haldast. Ég nota þó tækifærið og biðst afsökunar á að hafa ekki alltaf farið mjúkum höndum um hið hljómfagra og syngjandi tungumál ykkar Norðmanna.

Yðar hátign! Sagan og menningin tengja þjóðir okkar nánnum böndum. En það gerir hafið líka. Hér í Björgvin heimsóttum við vísindagarðinn VilVite og tókum þátt í málstofu um nýsköpun í sjávarútvegi. Síðan lá leiðin í Norsku Hafrannsóknastofnunina – Norsk havlaboratorium. Norðmenn eru greinilega enn í fremstu röð á svið hafrannsóknar og þekkingar á hafinu. Og þar eigum við frændþjóðirnar samleið. Hrein höf eru okkar sameiginlegi hagur. Jafnframt þurfum við að stunda umhverfisvænar veiðar, stýra sókn utan eigin lögsögu í sátt og samlyndi, fullvinna afla, nýta nýjustu tækni og vísindi.

En nú líður senn að leiðarlokum. Við hlökkum til heimsóknar í Griegsafnið á eftir, en höldum svo burt. Vissulega getur verið klisjukennt að vitna um of í forn spakmæli en leyfið mér samt að nefna hin sígildu spakmæli Hávamála um vináttu og þakkir:

Veistu ef þú vin átt,  
þann er þú vel trúir,  
og vilt þú af honum gott geta,  
geði skaltu við þann blanda  
og gjöfum skipta,  
fara að finna oft.

Leyfið mér líka að lokum að segja litla smásögu. Það bar til stuttu fyrir heimsókn okkar hjóna hingað að ég fékk í heimsókn á Bessastaði Bjarna Felixson, íþróttafréttamann til áratuga og sannkallaða þjóðargersemi á Íslandi. Ég nefndi að fyrir dyrum stæði opinber heimsókn til Noregs, í boði Haraldar konungs. „Já, ég hitti hann í Kaupmannahöfn '55,“ sagði Bjarni að bragði: „Við vorum þar nýstúdentar og rákumst á hann á Ferjukránni í Tívolí. Það fór nú bara vel á með okkur. – Og það var tekin mynd.“

Mér finnst þetta svo lýsandi dæmi um nábylið og vináttuna meðal okkar fámennu þjóða. Ég býð vini í kaffi, auðvitað hefur hann hitt núverandi Noregskonung. Yðar hátign, leyfið mér á kveðjustund að afhenda yður litla gjöf, mynd af yður með íslenskum nýstúdentum á góðri stundu fyrir rúmum sextíu

árum. Fyrir hönd okkar Elizu, og allra í okkar föruneysi, þakka ég Yðar Hátign, Sonju drottningu og öllum sem tóku svo vel á móti okkur fyrir þann hlýhug og góðvild sem við höfum notið hér í Noregi.

Ég vil að endingu færa borgarstjórn Björgvinjar okkar bestu þakkir fyrir höfðinglegar móttökur og glæsilega veislu í ykkar söguríku borg, hér á þessum stað þar sem fólk víða að hefur hist, stundað verslun og sagt fregnir af heimaslóðum í nær þúsund ár, að því er heimildir herma. Við skulum lyfta glösum til heilla farsælu sambandi vinabjódanna, Noregs og Íslands, um ókomna tíð.